

Borgarstjórn Reykjavíkur
9. janúar 2024

**Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um skertan opnunartíma
sundlauga á frídögum og hátíðardögum**

Undanfarin tvö ár hefur opnunartími sundlauga Reykjavíkurborgar verið skertur verulega og til stendur að skerða hann enn frekar. Flokkur fólksins mótmælir þessum skerðingum og óskar eftir umræðu um málið í borgarstjórn. Sundlaugarnar okkar eru þjóðargersemi og þær eru okkar helsta heilsulind. Um 79% fullorðinna Íslendinga fara í sund og tæp 40% fullorðinna fara reglulega í sund árið um kring. Sundlaugarnar eru einn helsti samkomustaður fyrir marga og þangað sækir fólk í samveru og heilsubót fyrir sál og líkama. Borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að hafa eigi samráð við borgarbúa við ákvarðanatöku um opnunartíma sundlauga.